

Afstöðumynd

1 : 500

Fjarðargata

FJARÐARGATA 13-15 / STRANDGATA 30

Landeignanúmer. L120441

Nýbygging byggð við núverandi verslunarmiðstöð Fjarðar, allt að sjö hæðir, stölluð með aðgengilegum þakgarði ofan á 1. hæð og þaksvölum á stöllum á 4. hæð uppá þakgarð. Sorp fyrir íbúðarhluta er leyst með djúpgámum á norður hluta lóðar. Sorpþörf fyrir íbúðarhúsnæði með 31 íbúð samkvæmt leiðbeiningum Höfnarfjarðarbæjar vegna rýmdar og hönnunarforsenda djúpgáma dags. 15.11.2021 er:

31 x 120 L fyrir hvern flokk eða 3,72 m³.

	240 L ker	Djúpgámar – 15% betri rýmisnýting en 240 L ker
1 x Lífrænt	3,72 m³	3,2 m³
1 x Blandað	3,72 m³	3,2 m³
1 x Pappír	3,72 m³	3,2 m³
1 x Plast	3,72 m³	3,2 m³
Samtals	14,88 m³	12,8 m³

Sorp íbúða verður leyst með 3 x 5m³ Molok Domino djúpgámum, með skiptingu samtals 14,4 m³ (1,6 m³ umfram þörf):

Gámur 1: (2/3)	1.1	Blandað	3,2 m³
(1/3)	1.2	Lífrænt	1,6 m³
Gámur 2: (2/3)	2.1	Pappír	3,2 m³
(1/3)	2.2	Lífrænt	1,6 m³
Gámur 3: (2/3)	3.1	Plast	3,2 m³
(1/3)	3.2	Lífrænt (auka)	1,6 m³

Vörumóttaka matvöruverslunar. Móttaka á vörum fyrir matvöruverslun er á suðurhlið 1. hæðar.

Loftræsing. Loftræsa skal öll gluggalaus rými í íbúðum ásamt geymslum í kjallara, inntaksklefa og lyftustokka svo sem er tilskið í byggingareglugerð og á teikningum arkitekts og verkfræðinga. Íbúðir eru loftræstar með vélrænni loftræsingu með sjálfstæðum loftræsisamstæðum innan sérhverrar íbúðar. Rými fyrir atvinnustarfsemi á jarðhæð og 2. hæð er loftræst með vélrænni loftræsingu skv. byggingareglugerð.

Lagnaleiðir. Lóðrettir lagnastokkar eru á bak við veggi í bóðum, ekdhúsum og þvottahúsum fyrir frárennslis-, neysluvatns- og hitalagnir. Frá lagnastokkum er svo lagt að tækjum. Gert er ráð fyrir að hægt sé að setja heita potta á þaksvalir á ákveðnum stöðum og er gert ráð fyrir sjálfstæðum frárennislsrörum í kleðningu upp að þessum stöðum og vatnsrörum í plötu innan viðeigandi hæðar.

Upphitun. Byggingin er hituð með hitaveitu. Hitakerfi er blanda af gólfhita og ofnum. Bilageymsla er upphituð.

Neysluvatn. Heitt neysluvatn fyrir bygginguna er upphitað kalt vatn og er það hitað með varmaskiptu.

Gólfniðurföll. Gólfniðurföll eru í öllum votrýmum, staðsett á teikningum í mkv. 1:50.

STÆRÐIR:	Brúttó flötur m²	Brúttó rúmmál m³
Botnplata	5.430,7 m²	1.086,1 m³
Kjallari	2.372,4 m²	6.842,9 m³
1. hæð	4.261,9 m²	18.834,3 m³
2. hæð	3.731,0 m²	17.528,5 m³
3. hæð	2.079,1 m²	6.274,2 m³
4. hæð	1.627,0 m²	5.164,1 m³
5. hæð	1.247,6 m²	3.868,5 m³
6. hæð	1.065,2 m²	3.403,9 m³
7. hæð	605,9 m²	1.955,7 m³
Samtals	**16.990,1 m²**	**64.958,2 m³**
Stækkun:	8.029,7 m²	28.563,6 m³

B rými:
Núverandi bílakjallari **2.854,0 m²** **9.403,9 m³**

Nýtingarhlutfall lóðar án kjallara: 14.619,5 m²/ 5.832,9 m² = **2.5**

Reiknað einangrunargildi byggingarhluta (kölunartölur)

Gluggar	**1,60 W/m²K**
Hurðir	**3,00 W/m²K**
Timbur veggir	**0,13 W/m²K**
Steypt veggir	**0,37 W/m²K**
Veggir að jarðvegi	**0,54 W/m²K**
Botnplata	**0,20 W/m²K**
Gólf að útilofti	**0,23 W/m²K**
Viðsnúið þak	**0,17 W/m²K**
Létt viðsnúið þak	**0,13 W/m²K**
Vegið meðaltal útveggi/ gluggar/hurðir	**0,71 W/m²K**

Reiknað heildarhitatap og heildarorkuþörf

Varmatapsrammi skv.reglugerð:	**181360W**
Reiknað varmatap:	**154274W**

Inntök. Inntök og tæknirými eru staðsett í kjallara

Fráveitulagnir. Tvöfalt fráveitukerfi verður fyrir bygginguna, regnvatnskerfi og skolpkerfi. Fráveitulagnir eru svo tengdar við heimaæðar í götu. Fráveita frá þeim rýmum þar sem fram fer starfsemi sem krefst hreinsunar á frárennsli með fitugildru verður leidd í gegnum fitugildru áður en henni er veitt í heimaæðar í götu. Gert er ráð fyrir að hægt sé að setja heita potta á þaksvalir á ákveðna staði og er gert ráð fyrir sjálfstæðum frárennslisrörum í kleðningu upp að þessum stöðum.

Úðakerfi. Í byggingunni er vatnsfyllt úðakerfi samkvæmt forsendum brunavarna.

Tæknibúnaður

Lyftur. Allir lyftustokkar eru loftræstir upp við þak samk. Byggingareglugerð. Ekki er um að ræða neinn sértækan þrýstiefna vélbúnað í byggingunni.

Snjóbræðsla er við innganga og í gangstéttum við húsið.

Rafkerfi
Allar raflagnir byggingarinnar verða samkvæmt ÍST150 raflagnir bygginga, og uppfylla allar öryggiskröfur og um leið sértækar öryggiskröfur skv. reglugerð um raforkuvirki nr. 678/2009.
Allur rafbúnaður skal fullnægja kröfum til prófunar við 400 / 230 V málspennu 50 Hz tíðni og standast og vera merktur 400 / 230 V 50 Hz, nema annars sé getið.
Aðaldreifiskápur er til staðar í nýverandi húsi og kvíslar frá honum að undirdreifiskápum í hverju séreigna bili. Eins er þar IT skápur og stofnar frá honum að undirdreifiskápum í hverju séreigna bili fyir allar smásparnaðlagnir.
HS veitur koma til með að setja nýja spennustöð í núverandi bílakjallara og strengir sem tengjast eldri spenni verða færðar á þann nýja. Núverandi hús og viðbygging verða á eldri spenninum.
Kapaltigar verða lagðir í kjallara (sýnileiga), en á 1-2. hæð fyrir ofan kerfisloft.
Við hönnun lýsingar er almennt farið eftir ÍST EN 12464-1.
Mögulekki verður á bílahleðslu í bílakjallara.

Lagnir
Lagnir eru ýmist leiddar í pípulagnir eða utanáliggjandi strenglagnir.
Allir vírarísterar skula vera einangraðir með PVC eða samsvarandi einangrun.
Nota skal cattö kapal fyrir síma- og netlagnir.
Brunastrengur fyrir reykskynjara, brunahanðboða og ljósllur er 2x1,5q brunakerfisstrengur J-Y(St)Y.
Allir vírarísterar eru kopar (Cu) gerðar nema heimtaugar eru all strengir (Al).
Greinar eru ekki sýndar í öllum tilfellum að töflu, en eru þá merktar viðkomandi töflu.
Málstraumur rofa og tengla skal vera minnst 10A.
Skammhlaupsgeta töflubúnaðar skal minnst vera 10kA
Málmhúla lagna, strengstiga, lampa og raflbúnað skal jarðbinda vandlega. Varnarbúnaðurinn, ásamt spennuhafa taugum/leiðurum fyrir framan varnarbúnaðinn skal vera með tvöfaldri einangrun eða með auðkinni (styrkti) einangrun.
Í blautrýmum skal varnarbúnaður raffanga minnst vera IP44.
Á þeim stöðum þar sem raflagnakerfi fer í gegnum hluta byggingar eins og gólf, veggi, þök, loft, skilveggi eða hola veggi skal þétta opin sem gerð voru, þegar lögninni hefur verið komið fyrir. Gerð þéttingar skal miðast við eldvarnastig (ef við á) byggingarhluta sem farið er í gegnum (sjá ISO 834).

Brunavarnir
Brunavarnir eru samkvæmt brunahönnunarskýrslu ORUGG verkfræðistofu dags. 25. ágúst 2022. Um er að ræða forhönnun brunavarna verslunarmiðstöðvar sem lýsir grunnforsendum brunavarna og meginlínum fyrir áframhaldandi hönnun. Nánar verður gerð grein fyrir forsendum brunavarna verslunarmiðstöðvar á síðari stigum þegar áreiðanleg skipulag og notkun rýma liggur fyrir. Hvert verslunarrými, veitingarstaður og bókasafn mun skila inn sér aðaluppdráttum. Ekki eru gerðar breytingar á burðarvirki eldri byggingar. Meginburðarvirki eru steinsteypt og áætlað að uppfylli a.mk. R90 brunamótstöðu. Hæðarskil eru áætluð a.mk. REI90 og verða frágengin sem slík. Breytingar á innra skipulagi hafa ekki áhrif á brunamótstöðu burðarvirkja en ól ný og endurhönnuð burðarvirki skulu uppfylla a.mk. R90.

Notkunarskilmálar og forsendur vegna brunavarna
Íbúðarhúsnæði er í notkunarflokki 3. Bílgeymsla íbúðarhúss og geymslusvæði í kjallara er í notkunarflokki 1. Verslunarmiðstöð er í notkunarflokki 2. Íbúðarhótel er í notkunarflokki 4.

Hámarksfjöldi í verslunarmiðstöð er útreiknaður u.þ.b. 1050 manns, nánari dreifingu á fólksfjölda er þó í brunahönnunarskýrslu og á grunnmyndum aðaluppdráttra eftir atvikum. Flóttaleið er frá göngugötu verslunarmiðstöðvar út í gegnum bókasafn. Bókasafn verður með sama opnunartíma og verslunarmiðstöð.

Brunaálag skal almennt vera <800 MJ/m ², Brunaálag í göngugötum verslunarmiðstöðvar skal vera < 100 MJ/m ².

Áhætturgreining
Gerð hefur verið töuleg áhætturgreining fyrir íbúðarhús til að bera saman hönnunarlausn við viðmiðunarlausn byggingarreglugerðar. Borin er saman áhætta fyrir fólk m.v. að að stigahús teppist vegna reyks. Niðurstöðunar sýna að áhætta í hönnunarlausn er mun lægri en fyrir viðmiðunarlausn og telst því ásættanleg útfærsla brunavarna. Nánar er gerð grein fyrir áhættumati í brunahönnunarskýrslu.

Brunaviðvörunarkerfi
Í allri bygginunni er brunaviðvörunarkerfi, tengt viðurkenndri vakstöð samkvæmt leiðbeiningum HMS og ÍST EN 54 með frávikum skv. brunahönnun. Brunaboðun er þrepaskipt skv. virkniflýsingu í brunahönnun. Yfirlitsstjórnstöð verður í tækniými skv. aðaluppdráttum og aðgengilegt viðbragðsaðilum. Kerfið tengist viðurkenndri vakstöð. Útstöðvar verða staðsettar í anddyri stigahúsa íbúðahúsa, íbúðarhótels og í anddyri verslunarmiðstöðvar. Kerfin tengjast yfirlitsstjórnstöð fyrir allt svæðið sem staðsett verður í tækniými.

Brunastöð kerfisins vaktar vatnsúðakerfi, sendir þaðan boð til viðurkenndrar vakstöðvar og stýrir viðbrögðum annars búnaðar við brunaboð (loftræsing, eldvarnarlýsld, reyklosun o.fl.)

Handslökkvibúnaður
Slöngukefli skulu vera skv. ÍST EN 671-1. Slöngukefli verða í bílgeymslu og verslunarmiðstöð staðsett skv. aðaluppdraetti. Handslökkvitæki skulu vera skv. ÍST EN 3, almennt 6L léttvatnstæki með slökkvigetu a.m.k. 21A og 183B í íbúðum en 21A og 144B annars. Gerð og staðsetning einstakra handslökkvitækja er nánar skilgreind í brunahönnunarskýrslu og á aðaluppdráttum.

Slökkvikerfi
Byggingarnar verða allar varðar með sjálfvirku vatnsúðakerfi. Í núverandi bílakjallara er þurrpípukerfi vegna frosthættu en annars blautt kerfi. Hönnun vatnsúðakerfis skal almennt vera skv. ÍST EN 12845 og ÍST EN 12259 ásamt tilheyrandi fylgiritum. Kerfi í íbúðahluta og íbúðarhótelí verður af gerðinni Residential og hannað skv. viðurkenndum staðli annaðhvort NFPA 13 eða ÍST EN 16925. Inntaksrými er í kjallara með óruggu aðgengi um stiga, með inndæelingarstút og vatnsbjöllu á 1. hæð.

Sjálfvirkt og handvirkt slökkvikerfi verður í hálum í eldhúsum í verslunarmiðstöðinni þar sem steiking matvæla eða sambærileg matseld fer fram. Slökkvikerfi í hálum skulu uppfylla kröfur varðandi gerð, uppsetningu, prófanir og viðhald skv. stöðlum sem HMS samþykkt, sbr. leiðbeiningablað HMS 6.048 .

Reyklosun
Vottun reykljóga er skv. ÍST EN 12101-2, flokkun er skv. brunahönnunarskýrslu.
Reykræsing hvolfrýmis verslunarmiðstöðvar er með lúgum í þaki samtals 8 m ² sem opnast sjálfvirkt við brunaboð. Aðloft kemur um innloftstálsara á 2. hæð og innloftsláugur og dyr á 1. hæð. Nánar er gerð grein fyrir forsendum reykræsingar í brunahönnunarskýrslu.

Stigahús og lyftustokkar í íbúðarhúsi verður með reykljóga í þaki a.m.k. 1 m ² hver reykljóga. Opnun á reykljógum er sjálfvirk við brunaboð frá stigahúsi en einnig getur slökkviliðið opnað reykljógur með hnappi á 1. hæð.
Stigahús í íbúðarhóteli er reykræst um opnanlega glugga.

Reykræsing bílageymslu er um innkeyrslu og ónnur fóst op samtals um 0.1 % af gólffleti bílageymslu.
Reykræsing geymslna í kjallara er um hurðir sem hægt er að opna fram í bílageymslu.

Reyktálmar
Eldvarnarþjólt E60-CS $_{200}$ verða að bókasafni á 2. hæð og matvöruverslun á 1. hæð, sem lokast við brunaboð.
Reykskermun er á gangi á 2. hæð sem tryggja óhindur flóttaleiðir á hastinni skv. útreikningum í brunahönnun.
Eldvarnarþjálf E60-CS $_{200}$ verður í brunaskilum milli núverandi bílageymslu og bílgeymslu íbúðarhúss.

Neyðarlýsing og leiðarmerkingar
Í byggingunni verða leiðarmerkingar og neyðarlýsing skv. leiðbeiningum HMS, ÍST EN 1838 og ÍST EN 50172.

Neyðarlýsing verður 0,5 lúx í verslunarmiðstöð, snyrtingum hreyfihamlaðra og bílgeymslu en 1 lúx á flóttaleiðum. Í stigum, tröppum og tækniþýmum verður neyðarlýsing 5 lúx. Nánar er gerð grein fyrir neyðarlýsingu í brunahönnunarskýrslu og á aðaluppdráttum.

Allar flóttaleiðir í mannvirkjum skulu vera með nægjanlega almenna lýsingu þannig að notkun þeirra sé greið og tekið tillit til alglldrar hönnunar.

Tryggja skal órugga lýsingu á útisvæðum vegna rýmingar frá byggingunni ætlaða til rýmingar. Lýsing skal vera allan hringinn í kring um bygginguna, vegna flóttaleiða og aðkomu neyðaraðila.

Stigleiðsla
Stigleiðsla verður í stigahúsi fjölbýlishúss og sem nær niður í bílgeymslu. Stigleiðsla verður í brunastúku íbúðahótels sem nær inn í bílgeymslu íbúðarhúss. Þá er gert ráð fyrir stigleiðslu við inntaksrými vatnsúðarkerfis sem nær inn í núverandi bílgeymslu. Miðað er við að stigleiðslur séu þurrar með loka og tengingar fyrir slöngur slökkviliðs á hverri hæð í fjölbýlishúsi og í brunastúkum í kjallara. Á jarðhæð verður búnaður til að tengja leiðsla við dælur slökkviliðs.

Rýming við eldsvoða
Skýlt er að setja upp rýmingaráætlun fyrir bygginguna í samræmi við reglur HMS og Vinnueftirlitsins. Reiknað er með að settir verði upp uppdraettir í bygginunni sem sýna upplýsingar um útgönguleiðir ásamt upplýsingum um viðbrögð við rýmingu vegna eldsvoða eða annarrar hættu.

Flóttaleiðir
Flóttaleiðir eru sýndar á aðaluppdráttum og fjallað er nánar um flóttaleiðir í brunahönnunarskýrslu. Sýnt er fram á óryggi rýmingarleiða frá verslunarmiðstöð með rauntaruna- og rýmingarútreikningum í brunahönnun. Sýnt er fram á óryggi flóttaleiða frá íbúðarhúsi með tölulegri áhaettugreining.
Dyr í flóttaleiði
Allar hurðir í meginflóttaleiðum frá verslunargötum verslunarmiðstöðvar skulu hafa neyðarslá skv. ÍST EN 1125.

Raðrofinar rennihurðir í flóttaleiðum skulu búnar varaaflli sem vaktað er af brunaviðvörunakerfi. Útfærsla og eftirlit skal vera skv. brunahönnun og leiðbeiningu HMS 208.3.BR2.

Hurðir frá stigahúsi fjölbýlishúss og íbúðarhóteli skulu vera með opnunarbúnaði skv. ÍST EN 179.

Frágengi fyrir alla
Flóttaleiðir á jarðhæð eru fæsar fólki í hjólastólum. Í stigahúsum eru órugg bíðsvæði fyrir hreyfihamlaða með samskiptabúnaði skv. BS 5839-9 sem tengist við samskiptabúnað slökkviliðs við aðkomu.

Klæðningar og gólf
Flokkun klæðninga og gólfefna er skv. ÍST EN 13501-1. Veggklæðningar skulu almennt vera í flokki 1 (K $_{2}$10 B-s1, d0) en mega vera í flokki 2 (D-s2,d0) á afmörkuðum flötum í verslunarmiðstöð vegna vatnsúðakerfis. Loftaklæðningar og hljóðeinangrunarbúnaður í lofti verður í flokki B-s1,d0. Gólfefni verða í flokki Dfl-s1 en Cfl-s1 í stigahúsum.

Útveggir og þak
Utanhúss klæðningar verða almennt úr óbrennanlegum efnum með óbrennanlegri einangrun, þakklæðning er í flokki B $_{roof}$ (t2) skv. ÍST EN 13501-5.

Þaksvalir á íbúðarhúsi eru steinsteyptar og einangraðar með 80mm Kingspan einangrun. Ofan á einangrun kemur a.m.k. 60mm sandlagi og hellur.

Brunahólfun
Megin brunahólfun og brunahólfun er sýnd á aðaluppdráttum og nánar skilgreind í brunahönnunarskýrslu. Hver húshluti myndar sér meginbrunahólf með REI60 skilum og brunastúkum að aðliggjandi rýmum. REI90 meginbrunahólfun er í hæðarskilum og EI90/R120 í skilum gagnvart bílgeymslu.

Brunahólfun EI60 er á milli verslana í verslunarmiðstöð skv. aðaluppdráttum. Reykhólfun er að bókasafni og matvöruverslun með EI60 veggjum, hertum gleraskilum að hluta og reykljóðlum E60-CS $_{200}$. Stigaklæðnar eru sérstök brunahólf EI90/EW30 með EI $_{2}$/EW30-CS$_{200}$ hurðum.

Brunahólfun milli íbúða/íbúðarhótels og verður REI90. Stigahús verða sérstök brunahólf með REI60 veggjum og EI $_{2}$30-CS$_{200}$ hurðum. Íbúðagangar verða sérstök brunahólf með EI60 veggjum og EI $_{2}$30-CS$_{200}$ hurðum að íbúðum. Lyftuhurðir verða EI60-C (ekki reykþéttar), til mótvægis verða sjálfvirkar reykljógur í lyftustokkum, flatarmál þeirra skal vera skv. brunahönnunarskýrslu.

Brunahólfun milli bílakjallara og hússins er með REI90 veggjum og brunastúkum með EI $_{2}$60-CS$_{200}$ hurðum að bílageymslu og EI$_{2}$30-CS$_{200}$ hurð að aðliggjandi rými. Geymslur í séreign í bílgeymslu verða sér brunahólf EI60 með EI $_{2}$ 30-CS$_{200}$ hurðum að bílgeymslu.

Lóðrétt fjarlægð milli gluggja í íbúðarhlutu er að hluta 0,6m. Vegna vatnsúðakerfis er ekki farið eftir kröfum um lóðrétta (1,2 metrar) fjarlægð milli glugga í mismunandi brunahólfum. Gluggar í skilum eru með hertu gleri.

Önnur áhætta
Í kjallara verður sett nýj spennistöð. Spennistöð verður sér brunahólf með REI60-M veggjum og EI $_{2}$ 60-S$_{200}$ hurðum að bílageymslu. Stærri hurðin skal opnast inn í spennistöðvarrými og skulu báðar hurðir þola mögulegan yfirþrýsting. Spennirinn verður að hámarki 1600 kVA olíufylltur með Envirotemp FR3 (K-klassa (K-class) sem uppfyllir tregbrennanleikakröfur. Veggir rýmisins verða lettir að hluta og skulu allar klæðningar vera óbrennanlegar, HS Veitur munu annast rekstur og eftirlit með spennistöðinni.

Lyftur
Lyftur skulu frágengnar í samræmi við ÍST EN 81-73 og skulu vera úr brunaboð fara niður á jarðhæð og opnast þar.

Loftræsikerfi
Byggingin er loftræst með vélrænni loftræsingu. Loftræsikerfum er ekki ætlað sérstakt hlutverk í brona. Þannig skal frá þeim gengið að þau rýri ekki brunahólfun né stuðli að útbreiðslu reyks. Brunahólfun loftræsikerfis skal uppfylla sömu kröfur og brunahólfun í bygginunni almennt (veggir og hæðaskil brunahólfa). Brunavarnir loftræsingar skulu vera skv. þeim ákvæðum DS 428 sem samræmast meginreglum byggingarreglugerðar. Motordrifnar bruna- og reykloku tengdar brunaviðvörunarkerfi verða á loftræsistokkum í brunahólfandi skilum. Sjálfstæð loftræsing er í íbúðarhlutu sem gengur ekki á milli brunahólfa.

Útsog frá framleiðslueldhlúsum þar sem steiking matvæla eða sambærileg matseld fer fram skal vera með hvelsoðnum stokk alla leið út og stokkurinn skal vera einangraður EI60 fari hann á milli brunahólfa en EI30 þar sem hætta er á ikveikju frá stokk (nálægð við brennanleg efni). Eingöngu mega vera óbrennanleg efni í kringum útblástursop.

Varaafl
Búnaður sem tengist brunavörnum og er háður rafmagni verður búinn varaafli sem tryggir virkni búnaðarins í rafmagnsleysi. Rafmagnsstöðvar og brunavarnabúnaður er annarsvegar tryggð með rafhlöðum og hinsvegar með útfærslu tengingar við rafmagn og notkun á brunapolnum strengjum.

Eftirfarandi búnaður er bundinn varaafli með rafhlöðum. Brunaviðvörunarkerfi, samskiptabúnaður, rafdrifnar rennihurðir í flóttaleiðum, reyklúgur, eldvarnarþjólt, neyðarlýsing og öl ljós. Varaafnagn skal vaktað af stjórnstöð brunaviðvörunarkerfis. Eftirlit og prófanir á varaafli skal vera hluti af eigið eldvarnareftirlitskerfi fyrir bygginguna.

Straumur að dælum vatnsúðakerfis skal vera óruggur frá töflu með brunaviðvörun kapli . Mögulegt þarf að vera að slá út rafmagni hlíssins án þess að dæla vatnsúðakerfis farí út.

Aðstaða slökkviliðs
Aðkomuleiðir eru sýndar á afstöðumynd. Stjórnstöð brunaviðvörunarkerfis er við inntaksrými vatnsúðakerfis með útstöðvum í aðalinngangi verslunarmiðstöðvar, fjölbýlishúss og íbúðahótels. Inntaksrými vatnsúðakerfis verður aðgengilegt um stiga að norðanverðu. Við brunastöðvar skulu vera yfirlitsmynd brunaviðvörunarkerfis. Við aðkomu á norðurhlíð er samskiptabúnaður fyir óruggt bíðsvæði í íbúðahúsi og verslunarmiðstöð. Upplýsingar fyir slökkvilið um hefstu brunavarnir byggingarinnar skulu vera við aðkomu slökkviliðs við yfirlitsstöð brunaviðvörunarkerfis.

Burðarvirki við bruna
Meginburðarvirki eru steinsteypt og skulu uppfylla R120 í kjallara, 1. hæð og 2. hæð verslunarmiðstöðvar en R90 ofar þar sem verða íbúðir og íbúðarhótel. Brunamótstaða þaks efstu hæða verður R60. Burðarvirki stiga verða R30. Ekki eru gerðar breytingar á burðarvirki eldri byggingar. Meginburðarvirki eru steinsteypt og áætlað er að þau uppfylli a.m.k. R90 brunamótstöðu. Hæðarskil eru áætluð a.m.k. REI90 og verða frágengin sem slík. Breytingar á innra skipulagi hafa ekki áhrif á brunamótstöðu burðarvirkja en ól ný og endurhönnuð burðarvirki skulu uppfylla a.m.k. R90.

Viðhald brunavarna
Notkun húsnins skal vera í samræmi við forsendur á aðaluppdráttum og brunahönnunarskýrslu. Breytingar eru háðar samþykki brunahönnuðar og byggingarfulltrúa.

Húseiganði skal setja upp eigið eftirlitskerfi brunavarna fyrir bygginguna og það skal tekið í notkun þegar notkun byggingarinnar hefst. Áþyrgð á viðhaldi og þjónustu kerfisins skal vera á hendi hlsfélags viðkomandi byggingar, þ.m.t. viðhald kerfisins sjálfs, eftirlýgni er aðrar skyldur sem skilgreindar eru í reglugerð eða í brunahönnun byggingarinnar. Gera skal sérstaka áætlun um aðgerðir vegna brunavarna á framkvæmdatímanum sem tekur á auknini hættu fyrir núverandi bygingar á meðan framkvæmdir standa yfir.

Samþykkt þann
28. SEP. 2022
Byggingarfulltrúinn í Hafnarfirði

ÖLL MÁL OG AÐSTÆÐUR ATHUGIST Á STAÐNUM ÁÐUR EN SMÍÐI HEFST.
ÓHEIMILT ER AÐ MÆLA UPP AF TEIKNINGUM.
ASK ARKITEKTUM SKAL TILKYNNT UM ÓSAMRÆMI OG VAFAATRIÐI ER UPP KUNNA AÐ KOMA.

Upprunalegur hönnuður verslunarmiðstöðvarinnar er Erling G. Pedersen

Guðjón Rafnsson
Rafræn undirritun
9.9.2022

ÚTGÁFA | TEIKNAÐI | YFIRFARIÐ | DAGS

S+HS
14.9.22

ASK arkitektar ehf
Grensásvegur 8 101 Reykjavík
S/mí 512 6000
www.ask.is
ÁÐUR: ASK ARKITEKTAR

Andri Klausen | Arkitekt F.A.Í. | kt.100682-4519 | andri@ask.is

VERKHEITI
Fjörður
Fjarðargata 13-15 / Strandgata 30

TEGUND TEIKNINGAR: AÐALTEIKNINGAR
HEITI TEIKNINGAR: Afstöðumynd
MKV. í A4: 1 : 500
ÁRANGUR: AK
TEIKNAÐ: GRY
YFIRF.: SSK
DAGS.: 08/09/22
VERK NR.: 1570
AUÐKENNI - NÚMER TEIKNINGAR: 10-01
ÚTGÁFA:

© ALLI ÁFRAM OG ÁFRAM TEIKNINGAR ER HÁÐ SAMÞYKKI ASK ARKITEKTA. EKKI SKAL MÆLA UPP AF TEIKNINGU.